

Greiðsluskilmálar og almennir skilmálar

Þessir skilmálar gilda frá 4. janúar 2010.

Upplýsingarnar sem hér eru birtar hafa verið teknar saman af Reykjavíkummaraðoni. Engin ábyrgð er hins vegar tekin á því hvort upplýsingarnar séu réttar eða tæmandi. Einkum ber að gæta þess að upplýsingar þessar kunna að vera ófullkomnar, í þeim kunna að leynast villur og þær kunna að hafa úrelst. Því er rétt að sannreyna upplýsingar sem fengnar eru á þessari vefsíðu áður en ráðstafanir eru gerðar á grundvelli þeirra með því að hafa samband við skrifstofu Reykjavíkummaraðons.

I. ALMENNIR SKILMÁLAR

1. Þessir skilmálar gilda á milli greiðanda þátttökugjalds og Reykjavíkummaraðons og felur skráning í hlaup á vegum Reykjavíkummaraðons í sér samþykki greiðanda á að hlíta þeim.
2. Reykjavíkummaraðon ber ekki ábyrgð á heilsu þátttakenda í hlaupum á vegum þess, hvorki á meðan hlaupinu stendur né eftir það.
3. Reykjavíkummaraðoni er heimilt að endurskoða eða breyta skilmálum þessum hvenær sem er án fyrirvara. Með samþykkt þessara skilmála samþykkir þú að vera bundin(n) af öllum slíkum breytingum.
4. Þú samþykkir að veita Reykjavíkummaraðoni fulla og ótakmarkaða heimild til að nota allar þær upplýsingar sem þú sendir til vefsíðunnar, án nokkurs endurgjalds, með þeim fyrirvara að skráning eða notkun upplýsinganna sé eðlilegur þáttur í starfsemi Reykjavíkummaraðons. Persónuupplýsingar sem þátttakendur gefa upp verða meðhöndlaðar af fullum trúnaði og ekki miðlað til þriðja aðila fyrir utan netfangalista til opinbers ljósmyndara Reykjavíkummaraðonsins (ASI Photo). Nánari upplýsingar um vinnubrögð, vinnuferli og annað sem lýtur að vinnslu persónuupplýsinga fæst á skrifstofu Reykjavíkummaraðons, Engjavegi 6, 104 Reykjavík.
5. Reykjavíkummaraðoni er heimilt að nota netföng þátttakenda í markaðsstarfsemi sinni hafi þátttakandi gefið leyfi fyrir því við skráningu. Þeir sem ekki vilja fá slíkan póst er gefinn kostur á að haka við það val sitt í skráningarferlinu en eiga þá á hættu að missa af mikilvægum tilkynningum eins og t.d. upplýsingum um myndir frá hlaupinu, skráningarhátíð o.fl.
6. Vörumerki, þjónustumerki og viðskiptaheiti sem birt eru á vefsíðu þessari njóta verndar á Íslandi og alþjóðlega. Hvers kyns notkun þeirra er óheimil nema að fenginni skriflegri heimild fyrirfram frá Reykjavíkummaraðoni.
7. Reykjavíkummaraðon ber ekki ábyrgð á efni neinna vefsíða sem tengdar eru vefsíðu Reykjavíkummaraðons en sem ekki er haldið úti af Reykjavíkummaraðoni. Reykjavíkummaraðon ræður ekki efni eða fyrirkomulagi á öðrum vefsíðum en eigin síðu.

II. GREIÐSLUSKILMÁLAR

8. Á skráningarsíðu Reykjavíkummaraðons er reiknivél sem birtir verð hlaupsins í íslenskum krónum og evrum. Reiknivélin reiknar einnig ef þú borgar fyrir fleiri en einn hlaupara.
9. Heildarfjárhæð þátttökugjalds sem reiknivélin gefur upp er endanlegt verð. Engin virðisaukaskattur er lagður á þá fjárhæð.
10. Þátttökugjöld í Reykjavíkummaraðon Íslandsbanka, Latabæjarhlaupi og Miðnæturlaup Powerade eru ekki endurgreidd. Þátttökugjöld í Laugavegshlaup eru endurgreidd að hluta eins og fram kemur á heimasíðu hlaupsins: <http://www.marathon.is/laugavegur>.
11. Ef hlaupið fer ekki fram vegna ófyrirsjáanlegra atburða, svo sem náttúruhamfara, veðurs o.s.frv., mun þátttökugjald hlaupsins ekki verða endurgreitt.
12. Ekki er hægt að skrá sig í hlaup á heimasíðu Reykjavíkummaraðons nema að borga þátttökugjaldið.